

Fjallskilanevndarfundur haldinn 23.03.2021. kl 17.00.

Mættir: Björn Kjartansson formaður, Halldór Guðmundsson, Charlotte Clausen, Þórunn Ólafur Guðmundsson, Snorri Þórarinnsson og Páll Stefánsson.

Fundargerð ritar; Páll Stefánsson

Formaður bíður fundarmenn velkomna og setur fund.

Mótekið:	Málalykill:
13.04.21	13.12
Málsnúmer:	Ábm.:
1604036	KS

1. Formaður leggur til að umræða fari fram um breytingu á útreikningum fjallskila. Lagt er til að útreikningum fjallskila verði breytt með þeim hætti að kostnaði vegna fjallskila verði skipt á milli hólfa innan sveitarfélagsins. Fjallskil í Vesturhólfi (Selvogur, Þorlákshöfn) verði reiknuð sér og fjallskil í Mið- og Austurhólfi (Hellisheiði, Dalir og Ingólfsfjall) sér.
Rökstuðningur: Þar sem mun minni vinna felst í því að smala Vesturhólf en Mið- og Austurhólf er ekki sanngjarnt að fjáreigendur í Vesturhólfi greiði sömu fjallskil og fjáreigendur í Mið- og Austurhólfi.

Eftir nokkrar umræður og útreikninga varð niðurstaða nefndarinnar að gera ekki þessa breytingu fyrir árið 2020.

2. Álagning fjallskila – samantektir og útreikningar.

Fjöldi dagsverka	180 dagsverk
Aukaleitir	23 dagsverk
Útréttir	5 dagsverk
Leitarstjórn	4 dagsverk
Réttarstjórn	2 dagsverk
Akstur	630 km

Fjöldi fjár í sveitarfélaginu 1409 kindur.

Taxtar: Ákveðið var að hafa taxa þá sömu og hafa verið undanfarin ár.

Dagsverk	kr, 8000.-
Útréttir	kr. 5000.-
Leitar- og réttarstjórn	kr. 12000.-
Aukaleitir	kr. 11000.
Akstur	kr. 130/ km.

Samtals kostnaður við fjallskil er því 1.871.900 kr.-

Skipting fjallskilakostnaðar er samkvæmt samþykkt bæjarstjórnar frá í apríl 2015 og skiptist þannig;

Bæjarsjóður Ölfus 30 % þ.e. 561.570,- kr

Fjáreigendur 70 % þ.e. 1.310.330.- kr

Kostnaður á hverja kind er því 930.- kr.

3. Önnur mál:

Fjallskilanefnd vill áréttta að fjáreigendur sleppi ekki fé í afréttarhólfín fyrr en viðgerð og viðhaldi girðinga er lokið. Stefnt er að því að þeirri vinnu sé lokið c.a 1. Júní.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl; 19.00

Stalldi Guðmundsson

Charlotte Clausen

V/Baldur Guðmundsson

Pau Stefnisson

Björn Kjartansson

Snorri Ópóstinsson